

## 148. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 16. apríl 2012, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mæt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Alexander Helgason, Ásgeir Gunnar Jónsson og Guðmundur Kristinsson. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

Alexander sat hjá við lið nr. 1.

1. Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.  
Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. lóðarhafa að stækka lóð sem nemur ræmu innan girðingar í suður , austur og norður sbr. uppdrátt og bréf dags. mars 2012. Ennfremur að rífa núverandi hús og steiptan vegg á lóð og byggja nýtt íbúðarhús sbr. teikningar frá Varmamótum /Haraldi Valbergssyni B.F.Í, dags. 10.12.2011.  
Nefndin tekur jákvætt í að lóðarhafi fái stærri lóð og að lóðin og aðliggjandi lóð verði hnitsettar.
2. Aðalgata 35, sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja.  
Lögð fram byggingarleyfisumsókn frá Sigríði Magnúsdóttur arkitekt FAÍ f. f. h Atlandsolíu, að reisa sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja á lóð nr. 35 við Aðalgötu sbr. deiliskipulag og teikningar dags. 13.02.2012 .  
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
3. Skólastígur 7, útlitsbreytingar.  
Björn Jóhann Guðmundsson sækir um að setja nýjan tröppuinngang í kjallara og milli hæða. Einnig að loka býsalgi við aðalinngang með hurð sbr. byggingarlýsingu og teikningar frá Brynjari Daníelssyni, dags. 28.02.2012.  
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
4. Nesvegur höfn, endurnýju á vatnshúsi.  
Gyða Steinsdóttir sækir um f.h. Stykkishólmshafnar og Siglingastofnun leyfi fyrir að rífa núverandi vatnshús staðsett á Skipavíkurbryggju og byggja nýtt, sbr. teikningu frá Siglingastofnun/Ing. Rob P.M. Kamsma dags. mars 2012.  
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

5. Endurnýjun á stöðuleyfi fyrir pylsuvagn.  
Róbert Árni Jörgensen sækir um f.h. Ergosspa um stöðuleyfi á pylsuvagni við kvenfélagsgarðinn sbr. tölvupóstur dags. 13.03.2012.  
Samþykkt að veita stöðuleyfi til 15. október 2012.
6. Aðalgata 3, Narfeyrarstofa, stöðuleyfi.  
Guðbrandur Gunnar Garðarsson sækir um endurnýjun á stöðuleyfi til tveggja ára á gámi við austurhlið hússins. Ennfremur er óskað eftir stöðuleyfi fyrir frystigámi austan við húsið, einnig til tveggja ára.  
Samþykkt að veita stöðuleyfi fyrir gáma innan lóðar til eins árs að uppfylltum skilyrðum um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða ef gámur er staðsettur nær lóðarmörkum en 3m.
7. Silfurgata 15, fyrirspurn að stækka skúr.  
Fyrirspurn frá Þorsteini Kúld Björnssyni um að endurklæða og stækka skúr á lóð og setja heitan pott samkvæmt erindi dags. móttakið 13.04.2012.  
Nefndin tekur jákvætt í erindið.
8. Deiliskipulag reitur B við Frúarstíg. Breyting á deiliskipulagi.  
Rætt var um deiliskipulagsbreytingu til frekari úrvinnslu.
9. Súgandisey, endurgerð stíga.  
Byggingarfulltrúi greindi frá því að Landlínur ehf /hafa hafið hönnunarvinnu við að koma með tillögur að yfirborðsfrágangi og legu gönguleiða og áningastaða á Súgandisey. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir nú í sumar.  
Erindi lagt fram.
10. Samráðsfundur Skipulagsstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Lögð fram tilkynningin frá Skipulagsstofnun um árlegan samráðsfund sem haldinn verður á Hellu 26. og 27. apríl 2012.  
Erindi lagt fram.
11. Hafnargata 1, endurgerð og breyta í íbúðir.  
Fyrirspurn frá Jóni Helga Sen Erlendssyni f.h. Ásvalla ehf um að breyta húsinu í 5 leiguíbúðir og að gera húsið upp að utan, sbr. bréf mótt. dags. 13.04.2012.  
Nefndin tekur jákvætt í erindið.

Ásgeir Gunnar vék af fundi kl. 21:50.

Fundi slitið kl. 22:15.

B.V.